

Alþingi  
Erindi nr. Þ 136/276  
komudagur 29.11. 2008

**From:** Eiríkur Tómasson [mailto:eiriktom@hi.is]  
**Sent:** 29. nóvember 2008 15:14  
**To:** Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
**Subject:** Tillögur til breytinga á frv til laga um embætti sérstaks saksóknara

Komdu sæl.

Að beiðni formanns allsherjarnefndar vil ég setja fram eftirgreindar tillögur til breytinga á texta fyrirbyggjandi frumvarps:

- 1) Orðin "útgáfu ákæru og" í 1. og 4. mgr. (þar sem orðin koma fyrir tvisvar sinnum) verði felld brott.
- 2) Niðurlag 2. mgr. 1. gr. orðist svo "þar með talið brota sem kunna að hafa verið rannsökuð af Samkeppniseftirlitinu og Fjármálaeftirlitinu.
- 3) Upphaf 4. mgr. 1. gr. orðist svo: Ríkissaksóknari getur falið hinum sérstaka saksóknara rannsókn . . . (Óþarfi er að vísa til lagaheimilda hér, sbr. breytingartillöguna hér á eftir við 2. gr.)
- 4) 3. mgr. 2. gr. orðist svo: Hinn sérstaki saksóknari hefur stöðu og almennar heimildir lögreglustjóra samkvæmt lögreglulögum og ákærvald samkvæmt 1. gr. laga þessara. Skal staða hans vera hliðsett stöðu héraðssaksóknara samkvæmt 18. gr. laga um meðferð sakamála, þar á meðal hefur hann og starfsmenn hans sambærilega heimild til að flytja mál fyrir dómi og héraðssaksóknari og starfsmenn hans samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þeirra laga. Ef háttsemi felur í sér annað eða önnur brot en þau sem hinn sérstaki saksóknari fer með samkvæmt 1. gr. laga þessara tekur ríkissaksóknari ákvörðun um það hvort hinn sérstaki saksóknari fari með málið eða hvort annar ákærandi skuli gera það. Ríkissaksóknari leysir á sama hátt úr öðrum ágreiningi sem kann að rísa um valdsvið hins sérstaka saksóknara og annarra ákærenda. Þá er hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrir mælum ríkissaksóknara skv. 3. mgr. 21. gr. laga um meðferð sakamála eftir því sem við getur átt.
- 5) 6. gr. orðist svo: Lög þessi falla úr gildi [1. janúar 2010] og hverfa þá verkefni hins sérstaka saksóknara til ákærenda og lögreglu eftir nánari fyrir mælum ríkissaksóknara. (Það er sjálfgefið að það fari eftir gildandi lögum og því óþarft að taka það fram.)
- 6) Tillaga um ákvæði til bráðabirgða: Fram til 1. janúar 2009 hefur hinn sérstaki saksóknari sömu réttarstöðu og lögreglustjóri, þ. á m. hefur hann og starfsmenn hans sambærilega heimild til að flytja mál fyrir dómi og lögreglustjórar og starfsmenn hans skv. 2. mgr. 29. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þá er hinum sérstaka saksóknara skylt að hlíta fyrir mælum ríkissaksóknara skv. 5. mgr. 27. gr. þeirra laga eftir því sem við getur átt.

Ef orðalag 1. mgr. 1. gr. verður rýmkað, eins og rætt hefur verið um, er hreinlega spurning hvort ekki megi fella 4. mgr. þeirrar greinar alveg út, þ.e. ef 3. mgr. 2. gr. verður breytt á þann veg sem lagt er til hér að framan.

Með bestu kveðjum,  
Eiríkur Tómasson